

Reykjavík 13. október 2020

Fulltrúi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals Valgerður Sigurðardóttir leggur fram eftirfarandi umsögn um tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar:

Víða þarf að huga að bæta umferðaröryggi í Grafarholti og Úlfarsárdal. Nauðsynlegt er að fara í heildstæða umferðaröryggisgreiningu, með slysaþreiningu og faglega nálgun að leiðarljósi. Þannig er hægt að fá faglegt mat á mögulegum hættusvæðum slysa, vöndun á gangbrautum, hraðahindrunum ásamt fjölda annara atriða. Mikið er um gönguþveranir og ætti að skipta þeim út fyrir vel merktar gangbrautir þar sem hugað er að þáttum líkt og lýsingu og yfirborðsmerkingum. Mikilvægt er að öll aðkoma að skólum sé til fyrirmyndar og þar myndist ekki slysaþætta, strax verður að bæta úr aðgengismálum við skóla þar sem henni er ábótavant í hverfinu. Fulltrúinn telur hugmyndir um lækkun á hámarkshraða vera of víðtækar, þó svo vissulega eigi að skoða þær á völdum stöðum.

Það að búa til nýtt hraðaprep getur orðið til þess að auka verulega á flækjustig í umferðinni. Þess í stað ætti að huga að því að gera allar gangbrautir í borgarlandinu öruggar. Mikið er um gönguþveranir í borgarlandinu og ætti að skipta þeim út fyrir vel merktar gangbrautir þar sem hugað er að þáttum líkt og lýsingu.

Öryggismál eiga ávallt að vera í forgrunni við skóla og þar sem börn eru að leik. Hugmyndir um lækkun á hámarkshraða eru töluvert víðtækar. Áhrif lækkunar úr 50 í 40 mun hafa í för með sér að afkastageta gatnanna verður minni, aukið verður á tímaeyðslu borgarbúa, aukin eldsneytiseyðsla með tilheyrandi mengun ásamt því að almenningasamgöngur komast ekki jafn greitt leiðar sinnar.

Mikilvægt er að stórar hugmyndir sem þessar séu unnar í fullu samráði við Lögregluna og Vegagerðina. Í tillögunni segir orðrétt: „Áætlunin nær ekki til hámarkshraða á vegum annarra veghaldara, þ.e. Vegagerðarinnar og Faxaflóahafna, en hefur verið kynnt fyrir fulltrúum þeirra.“ Fulltrúar lögreglunnar annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar telja sambærilega breytingu á lækkun hámarkshraða, ekki tímabæra.